

SAMÞYKKT

um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 11 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Kópavogsbær er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Kópavogsbær annast þau lögmæltu verkefni sem honum eru falin, sbr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, eins og nánar er útfært í stefnumörkun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Kópavogsbæ er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hans, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Samkvæmt 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fer bæjarstjórn með stjórn Kópavogsbæjar og hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna bæjarfélagsins. Bæjarstjórn skal jafnframt sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum Kópavogsbæjar.

Bæjarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Kópavogsbæ.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Verkefni bæjarstjórnar eru skilgreind í viðauka I við samþykkt þessa.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða bæjarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Viðkomandi fulltrúi stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta og tvo varaforseta. Skulu þeir kjörnir til fjögurra ára í senn. Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að

nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Ritari bæjarstjórnar skal tilkynna kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að kjöri loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaforseta til að gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, að jafnaði kl. 16 annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar að Hábraut 2. Þó skal í júlí og ágúst aðeins halda einn fund og þá þriðja þriðjudag hvors mánaðar. Bæjarstjórn skal í upphafi kjörtímabils samþykkja starfsáætlun þar sem dag- og tímasetningar reglulegra funda bæjarstjórnar eru ákveðnir, ásamt staðsetningu þeirra.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri, sbr. þó 2. mgr. 6. gr., boðar bæjarstjórnarfundi rafrænt og sér til þess að reglulegir fundir séu boðaðir í upphafi hvers starfsárs. Bæjarstjórnarfund skal boða eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund og skal dagskrá fundar þá send bæjarfulltrúum, ásamt þeim gögnum sem eru þeim nauðsynleg til að taka upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Rafrænt fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Forsætisnefnd, sem skipuð er forseta bæjarstjórnar og varaforsetum, semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda bæjarfélagsins og endurskoðanda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, ráða, nefnda og stjórna á vegum bæjarfélagsins til umræðu.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, og skulu þær tilgreindar sérstaklega í dagskrá.
4. Mál sem ráð eða nefnd hefur vísað til forsætisnefndar eða bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óska að tekin verði á dagskrá.
5. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og forsætisnefnd ákveður að taka á dagskrá.

Bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna forsætisnefnd það rafrænt fyrir undirbúningsfund forsætisnefndar sem halda skal á fyrirframákveðnum tímum til að undirbúa dagskrá bæjarstjórnarfundar og útsendingu gagna. Sérhvert mál sem óskað er eftir að tekið verði á dagskrá fundar bæjarstjórnar, skal lagt fram með formlegum

hætti á stöðluðu formi og skal þess getið í dagskrá hvort mál er lagt fram til upplýsingar, umræðu eða ákvörðunar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem forsætisnefnd eða bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal send út rafrænt.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri skal sjá til þess að birt sé á heimasíðu bæjarfélagsins fundaaætlun reglulegra bæjarstjórnarfunda og dagskrá, stað- og tímasetning aukafunda bæjarstjórnar, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar. Sömu tímafrestrir eiga við og gagnvart bæjarfulltrúum en gæta skal reglna um þagnarskyldu.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tiltekið starfsfólk bæjarfélagsins sé viðstatt.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fundarritari.

Bæjarritari eða staðgengill hans er ritari bæjarstjórnarfunda og funda forsætisnefndar.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um:

1. Samþykktir, siðareglur og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Aðalskipulag og aðrar stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til bæjarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um:

1. Fjárhags- og fjárfestingaráætlanir bæjarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um viðauka við fjárhags- og fjárfestingaráætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Kveðið er á um fundarsköp og ritun fundargerða í viðauka II.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð einstakra mála.

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsfólks bæjarfélagsins til þátttöku í meðferð mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsfólk

bæjarfélagsins ekki vanhæft vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis bæjarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en greinir í 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsfólki bæjarfélagsins að víkja sæti við meðferð máls þegar það varðar viðkomandi eða nána venslamenn svo sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða viðkomandi mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til samningsgerðar fyrir hönd bæjarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varafulltrúar í bæjarstjórn.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Um varafulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa fer skv. ákvæðum IV. kafla sveitarstjórnarlaga og samþykkt þessari.

20. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Beiðni um slíkt skal beint rafrænt til viðkomandi sviðsstjóra eða bæjarstjóra eða bæjarritara. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en 5 dögum frá móttöku beiðninnar. Nánar skal kveðið á um verklag í samskiptum kjörinna fulltrúa og bæjarstjóra, stjórnenda og annars starfsfólks í sérstökum verklagsreglum staðfestum af bæjarráði.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum bæjarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarfélagsins og rekstur. Í undantekningartilvikum kann bæjarfulltrúa einungis að vera heimilt að kynna sér gögn og upplýsingar á skrifstofunni, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga og verklagsreglur um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum.

21. gr.

Boðun varafulltrúa.

Þegar aðalfulltrúi er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varafulltrúa hans til meðferðar þess. Eftir ákvörðun í máli tekur aðalfulltrúi sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Sé varafulltrúi ekki tiltækur getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að meðferð máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum fresti til ákvörðunar máls.

Þegar aðalfulltrúi getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varafulltrúi hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalfulltrúi skal tilkynna forföll til fundarboðanda eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varafulltrúi verði boðaður eða tilkynna að hann muni sjálfur boða varafulltrúa í sinn stað. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalfulltrúi í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varafulltrúi hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalfulltrúi sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalfulltrúi fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varafulltrúi hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

V. KAFLI

Bæjarráð.

22. gr.

Hlutverk bæjarráðs.

Bæjarráð heyrir undir bæjarstjórn. Bæjarráð fer samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins, hefur eftirlit með stjórn-sýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar Kópavogsbæjar séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

23. gr.

Verkefni og umboð bæjarráðs.

Verkefni bæjarráðs eru nánar skilgreind í viðauka I við samþykkt þessa.

24. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalfulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í bæjarráð til fjögurra ára. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalfulltrúar í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Þeir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsfulltrúi eru varafulltrúar hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjórn kys formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsfulltrúa.

Bæjarráð getur valið sér fundarritara utan bæjarráðs. Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Bæjarstjóri sem hefur verið kjörinn í bæjarráð sem bæjarfulltrúi hefur einnig atkvæðisrétt.

25. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku og festa fundartíma ráðsins í upphafi skip-unartíma þess, sbr. 47. gr. samþykktar þessarar.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsfulltrúar óska þess.

26. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi ásamt formanni bæjarráðs og fundarritara.

Bæjarstjóri sér til þess að reglulegir fundir séu boðaðir rafrænt í upphafi hvers starfsárs. Fundir skulu aldrei boðaðir síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Dagskrá ásamt gögnum sem lögð eru fyrir fund skal senda bæjarráði að jafnaði 32 klukkustundum fyrir fund og aldrei síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsfulltrúi ekki sótt fund gilda ákvæði 21. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á um forföll.

Skýlt er starfsfólki bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

27. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarráðsfulltrúa það. Þó er skylt að fresta ákvörðun í slíku máli ef einhver bæjarráðsfulltrúa óskar þess.

28. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Framboðslista, sem fulltrúa á í bærarstjórn en ekki í bæjarráði, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum bæjarráðs.

Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal vera aðalfulltrúi í bærarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga. Varaáheyrnarfulltrúi skal vera aðal- eða varafulltrúi í bærarstjórn.

29. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Bæjarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við bærarstjóra um ákvörðunina. Verði ágreiningur um mál í bæjarráði fer það til ákvörðunar í bærarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar ákvörðunar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála samkvæmt þessari grein með vísan í 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Fastanefndir og samstarfsnefndir.

30. gr.

Hlutverk fastanefnda.

Fastanefnd nefnist ráð ef hún fer með heimildir til fullnaðarákvörðunar en nefnd hafi hún ekki heimild til fullnaðarákvörðunar. Ráð og nefndir heyra undir bæjarráð og fjalla um og undirbúa stefnumótun á sínu sviði og úrlausn einstakra mála og verkefna.

31. gr.

Verkefni fastanefnda.

Verkefni fastanefnda eru skilgreind í viðauka I við samþykkt þessa og í erindisbréfum einstakra fastanefnda sem stofnaðar eru.

32. gr.

Kjörtímabil fastanefnda.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bærarstjórnar, nema annað leiði af lögum, samþykkt þessari eða viðaukum við samþykktina.

Að loknum bærarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bærarstjórn hefur kjörið nýjar fastanefndir. Valdheimildir eru háðar sömu takmörkunum og fyrri bærarstjórn bjó við að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

33. gr.

Kosning í fastanefndir og samstarfsnefndir og kjörgengi.

Bærarstjórn kýs fulltrúa í fastanefndir, samstarfsnefndir og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Kosningar í fastanefndir bærarstjórnar og samstarfsnefndir, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til fastanefndar eða samstarfsnefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í fastanefndir og samstarfsnefndir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsfólk fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins er ekki kjörgengt í fastanefndir aða samstarfsnefndir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem það starfar hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

34. gr.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn getur í samþykkt þessari eða viðaukum við hana, falið menntaráði, skipulagsráði, og velferðarráði fullnaðarafgreiðslu erinda ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því. Fullnaðarafgreiðslu má ekki fela fastanefnd ef hún varðar fjárhag bæjarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhags- og fjárfestingaráætlun eða vikur frá stefnu bæjarstjórnar.

35. gr.

Fundir fastanefnda og samstarfsnefnda og ályktunarhæfi.

Fundir fastanefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamla því ekki. Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar. Skyld er að verða við ósk nefndarfulltrúa um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um það er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfund í undan, enda standi lög eða eðli máls því ekki í vegi. Um fundi samstarfsnefnda fer að samþykktum þeirra og lögum.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga.

36. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir fastanefnda.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum eftir því sem við á.

Nefndir bæjarfélagsins skulu halda fundargerðir. Nefnd getur í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs valið sér sérstakan fundarritara úr röðum starfsmanna. Um ritun fundargerða nefnda gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. viðauka II.

37. gr.

Varafulltrúar í nefndum.

Varafulltrúar taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalfulltrúi í nefnd forfallast taka varafulltrúar þess lista sem aðalfulltrúi er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboð til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varafulltrúar á listanum vegna nefndarkosningarinnar, séu fulltrúar sama framboðs og aðalfulltrúinn. Taka varafulltrúar þá sæti í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varafulltrúa. Sé enginn úr hópi varafulltrúa viðkomandi lista af sama framboðslista og aðalfulltrúi taka varafulltrúar af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

38. gr.

Boðun varafulltrúa.

Um boðun varafulltrúa á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalfulltrúi í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í fastanefndum og samstarfsnefndum, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér þeim störfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í fastanefndum og samstarfsnefndum ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða ef málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef viðkomandi fulltrúi mætir ekki á fundi, án lögmætra forfalla, eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að fastanefnd eða samstarfsnefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fulltrúa á bæjarstjórnarfundum greiði því atkvæði. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í fastanefndum og samstarfsnefndum skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á skipan í fastanefndir og samstarfsnefndir samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

40. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í fastanefnd má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í fastanefnd. Áheyrnarfulltrúi hefur rétt til að mæta á fundi viðkomandi fastanefndar og taka þátt í umræðum til jafns við aðal- og varafulltrúa sem mættir eru á fundinn. Áheyrnarfulltrúi hefur ekki tillögurétt eða rétt til að leggja fram bókun nema í bæjarráði, skipulagsráði, menntaráði, og velferðaráði. Um áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðal- og varafulltrúa. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi fastanefnd.

41. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í fastanefndum og samstarfsnefndum hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

Áheyrnarfulltrúum þeirra framboða eða stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn skal einnig greidd þóknun, í samræmi við reglur bæjarstjórnar, fyrir setu í allt að 4 fastanefndum samtals.

42. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Aðalfulltrúum og eftir atvikum varafulltrúum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í fastanefndum og samstarfsnefndum eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem viðkomandi fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

43. gr.

Samstarfsnefndir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í samstarfsnefndir, s.s. nefndir, ráð og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni, sem bæjarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi bæjarfélagsins í viðkomandi nefnd ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

44. gr.

Fyrirtæki í eigu Kópavogsbæjar.

Um skipulag og meðferð eigandavalds vegna fyrirtækja í eigu Kópavogsbæjar fer samkvæmt eigendastefnu bæjarfélagsins.

45. gr.

Fastanefndir og samstarfsnefndir.

Kveðið er á um skipan einstakra fastanefnda og samstarfsnefnda í viðauka III.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og starfsfólk.

46. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri heyrir undir bæjarstjórn og fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn og fjármála- stjórn bæjarins samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjóri annast framkvæmd ákvarð- ana bæjarstjórnar og verkefni bæjarfélagsins skv. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.

47. gr.

Verkefni bæjarstjóra.

Verkefni bæjarstjóra eru skilgreind í viðauka I við samþykkt þessa.

48. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Í skriflegum ráðningarsamningi sem bæjarstjórn samþykkir skal kveðið nánar á um starfsskyldur og starfskjör. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

49. gr.

Um störf bæjarstjóra.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur bæjarstjóri málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema vera jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Bæjarstjóri hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Í forföllum gegnir bæjarritari störfum bæjarstjóra nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja annan aðila til að gegna störfum bæjarstjóra, þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

50. gr.

*Framsal sveitarstjórnar til fastanefnda og starfsfólks
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Framsal til fullnaðarákvörðunar er skilgreint í viðauka IV.

51. gr.

Endurupptaka mála.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarákvörðun bæjarstjórnar, fastanefndar eða embættismanns ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðnin verður að jafnaði að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um ákvörðun.

52. gr.

Þagnarskylda starfsfólks.

Starfsfólk bæjarfélagsins, og aðrir sem bæjarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni, er bundið þagnarskyldu um atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

53. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsfólks.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsfólks bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga og starfslýsinga.

VIII. KAFLI

Fjármál bæjarfélagsins.

54. gr.

Fjárhags- og fjárfestingaráætlun.

Bæjarstjórn skal á hverju ári samþykkja fjárhags- og fjárfestingaráætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarstjóri leggur við gerð starfsáætlunar bæjarráðs fram tillögu að ferli fjárhagsáætlunar. Bæjarráð leggur tillögu um fjárhags- og fjárfestingaráætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert í samræmi við ákvæði 62. gr. og 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal samþykkja endanlega tillögu, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhags- og fjárfestingaráætlun innan fimmtán daga frá samþykkt hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhags- og fjárfestingaráætlun.

55. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhags- og fjárfestingaráætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 54. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhags- og fjárfestingaráætlun næsta árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu bæjarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu bæjarfélagsins á fjárhags- og fjárfestingaráætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhags- og fjárfestingaráætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þrátt fyrir 2. mgr. er bæjarstjóra heimilt í undantekningartilvikum að gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

56. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna bæjarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf í samræmi við ákvæði 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum bæjarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag bæjarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir bæjarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Ársreikningur.

Bæjarráð skal sjá um að ársreikningur sé saminn samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Kópavogsbæjar skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og staðfestingar í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings bæjarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning bæjarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

58. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá bæjarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, og fyrirmælum í 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

59. gr.

Fundir að frumkvæði íbúa.

Ef minnst 10% þeirra sem kosningarrétt eiga í Kópavogi óska íbúafundar skal bæjarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er en eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að slík ósk berst.

Um boðun og framkvæmd íbúafunda fer skv. 105. gr. sveitarstjórnarlaga en um undirskriftarsafnanir vegna óska um slíka fundi fer skv. reglugerð nr. 154/2013.

60. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í Kópavogi óska almennrar atkvæðagreiðslu um einstök málefni skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk bæjarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

61. gr.

Íbúavefur.

Kópavogsbær skal miðla upplýsingum um starfsemi bæjarins m.a. gegnum vefinn kopavogur.is og leitast við að hafa sem víðtækast samráð við íbúa.

Íbúar geta komið ábendingum sínum á framfæri gegnum vefinn kopavogur.is.

62. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur gert samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 774/2013.

Nr. 1691

16. desmber 2024

Innviðaráduneytinu, 16. desember 2024.

F. h. r.
Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

VIÐAUKI I
Verkefni einstakra stjórnareininga.

1. gr.

Bæjarstjórn.

Bæjarstjórn er æðsta stjórn Kópavogsbæjar, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.

A. Stefna.

1. Staðfestir stefnu fyrir starfsemi Kópavogsbæjar.
2. Staðfestir stefnur einstakra málaflokka.
3. Staðfestir fjárhagsáætlanir og viðauka við þær.
4. Staðfestir fjárfestingaráætlanir.
5. Staðfestir gjaldskrár að tillögu bæjarráðs.
6. Staðfestir starfsáætlanir.
7. Staðfestir eigandastefnu Kópavogsbæjar.

B. Skipulag.

1. Staðfestir skipurit Kópavogsbæjar.
2. Staðfestir samþykktir fyrir bæjarráð, aðrar fastanefndir og starfshópa þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, umboð og ábyrgð – sem og starfshætti þeirra, í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar samþykktir bæjarstjórnar.
3. Staðfestir reglur bæjarfélagsins um verklag við gerð fjárhagsáætlana, fjárfestingaráætlana og ársreiknings og reglur sem bæjarstjórn ber að samþykkja lögum samkvæmt.

C. Stjórnarhættir.

1. Kýs forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum.
2. Ræður bæjarstjóra, en er heimilt að fela bæjarráði að undirbúa ráðningu bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að undirrita ráðningarsamning.
3. Staðfestir starfslýsingu bæjarstjóra.
4. Staðfestir ráðningu og ráðningarbréf löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Staðfestir siðareglur bæjarstjórnar.
6. Sér til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að Kópavogsbær muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
7. Staðfestir tillögur bæjarráðs um verulegar skuldbindingar Kópavogsbæjar s.s. lán, ábyrgðir og veðsetningar.
8. Staðfestir sölu eigna Kópavogsbæjar og annarra réttinda bæjarins, þar á meðal ráðstöfun byggingarréttar.
9. Staðfestir ályktanir og tillögur nefnda og ráða sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar.
10. Staðfestir ársreikninga Kópavogsbæjar.
11. Sér um að lögbundnar skyldur séu ræktar.
12. Hefur eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.
13. Hefur eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga.
14. Veitir íbúum Kópavogsbæjar og þjónustubegum upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra, og um samstarf sem Kópavogsbær á við önnur sveitarfélög.
15. Tekur fyrir önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og forsætisnefnd ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óskar að tekin verði á dagskrá.

2. gr.

Bæjarráð.

Bæjarráð heyrir undir bæjarstjórn og fer með framkvæmdastjórn, fjármálastjórn, áætlanagerð og eftirlit samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirlit bæjarráðs tekur til þess að verklag og áherslur í stjórnsýslu bæjarins séu í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti, fyrir máli varðandi fjármálastjórn, áætlanagerð og rekstur séu skýr og

verklag framkvæmdasýslu við breytingar, endurbætur og nýbyggingar fasteigna og innviða sé skýrt og undir eftirliti bæjarráðs.

A. Stefna.

1. Markar drög að stefnu fyrir starfsemi Kópavogsbæjar.
2. Markar drög að fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar og viðauka við hana (tekjuáætlun og úthlutun fjárhagsramma).
3. Markar drög að fjárfestingaráætlun Kópavogsbæjar.
4. Markar drög að gjaldskrá.
5. Gerir starfsáætlun bæjarráðs, samþykkir aðgerðaaáætlanir miðlægrar stjórnsýslu, framkvæmda og rekstrar og staðfestir aðgerðaráætlanir fastanefnda og einstakra fagsviða.
6. Samþykkir breytingar á aðgerðaráætlunum skv. 5. tl.
7. Markar drög að eigandastefnu Kópavogsbæjar.
8. Markar drög að reglum bæjarfélagsins um verklag við gerð fjárhagsáætlana, fjárfestingaráætlana og ársreikning.
9. Samþykkir reglur sem snúa að verklagi kjörinna fulltrúa.

B. Skipulag.

1. Markar drög að skipuriti Kópavogsbæjar.
2. Markar drög að samþykktum og erindisbréfum fyrir fastanefndir og aðrar nefndir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, umboð og ábyrgð – sem og starfshætti þeirra, í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

C. Stjórnarhættir.

1. Fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Kópavogsbæjar.
2. Semur drög að fjárhagsáætlun og leggur þau fyrir bæjarstjórn.
3. Fer með fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana og ekki er ágreiningur um í bæjarráði eða við bæjarstjóra.
4. Ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.
5. Sér um að ársreikningar Kópavogsbæjar séu samdir reglum samkvæmt.
6. Samþykkir ársreikning og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.
7. Hefur eftirlit með stjórnsýslu Kópavogsbæjar og fjármálastjórn.
8. Hefur eftirlit með afgreiðslu starfsfólks á málum sem það hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu á.
9. Markar drög að starfslýsingu bæjarstjóra.
10. Ræður lykilstjórnendur bæjarfélagsins, þ.e. sviðsstjóra, skipulagsstjóra og mannauðsstjóra, í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fastanefndir.

Fastanefndir, þ.e. ráð og nefndir, heyra undir bæjarráð og fjalla um, afgreiða og undirbúa einstök mál, og gera tillögur til bæjarráðs.

Ráð geta haft fullnaðarákvörðunarvald um tiltekin mál, enda sé það sérstaklega tilgreint í bæjar-málasamþykkt eða ákvörðun rúmist innan samþykkrar fjárhags-, framkvæmda- og starfsáætlunar. Nefndir geta ekki haft fullnaðarákvörðunarvald.

Fagleg verkefni fagsviðs heyra undir viðkomandi fastanefnd. Við framkvæmd verkefna eru þau bundin af verklagi og fyrirmælum sem bæjarráð hefur staðfest að tillögu bæjarstjóra um stjórnsýslu, fjármál og rekstur.

A. Stefna.

1. Markar drög að stefnum á sviði viðkomandi málaflokks.
2. Endurskoðar gildandi stefnur á sviði viðkomandi málaflokks, ef tilefni er til.
3. Semur aðgerðaráætlanir á sviði viðkomandi málaflokks.
4. Markar drög að reglum sem Kópavogsbæ ber að setja lögum samkvæmt á sviði viðkomandi málaflokks.

B. Stjórnarhættir.

1. Sér til þess að stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði viðkomandi málaflokks séu innleiddar.
2. Tekur ákvarðanir um breytingar á aðgerðaráætlun, ef þær eru ekki stefnumótandi og svo verulegar að vísa eigi þeim til bæjarráðs.
3. Sér um viðeigandi upplýsingamiðlunar og samráðs við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum í viðkomandi málaflokki.
4. Gerir áætlanir um tilhögun samráðs við hagaðila vegna undirbúnings veigamikillar stefnumörkunar.
5. Hefur eftirlit með innleiðingu á stefnum og aðgerðaráætlunum viðkomandi málaflokks.
6. Veitir bæjarráði upplýsingar um framvindu innleiðingar á stefnum viðkomandi málaflokks.

4. gr.

Bæjarstjóri.

Bæjarstjóri heyrir undir bæjarstjórn og fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn og fjármála-
stjórn samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana
bæjarstjórnar og verkefna bæjarfélagsins skv. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.

A. Stefna.

1. Er í forsvari fyrir stefnumörkun, ákvarðanir og upplýsingagjöf bæjarstjórnar.
2. Undirbýr tillögu að fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar og viðauka við hana (tekjuáætlun og úthlutun fjárhagsramma) fyrir bæjarráð.
3. Undirbýr tillögu að fjárfestingaráætlun Kópavogsbæjar fyrir bæjarráð.
4. Undirbýr tillögu að gjaldskrá Kópavogsbæjar fyrir bæjarráð.
5. Samþykkir reglur sem snúa að stjórnun og verklagi á bæjarskrifstofum, enda þurfi ekki
lögum samkvæmt að bera þær undir bæjarstjórn.

B. Skipulag.

1. Er æðsti yfirmaður starfsfólks Kópavogsbæjar.
2. Er tengiliður bæjarstjórnar og bæjarráðs við aðra stjórnendur.
3. Undirbýr tillögu að skipuriti Kópavogsbæjar til bæjarráðs.
4. Undirbýr tillögur að samþykktum og erindisbréfum fyrir fastanefndir og aðrar nefndir þar
sem kveðið er á um hlutverk þeirra, umboð og ábyrgð, sem og starfshætti þeirra, í
samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

C. Stjórnarhættir.

1. Annast daglegan rekstur bæjarfélagsins í samræmi við markaða stefnu, áætlanir og
ákvarðanir bæjarráðs. Ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar, bæjarráðs og
fastanefnda.
2. Ber ábyrgð á undirbúningi og ráðningu starfsfólks og uppsögnum annarra en
lykilstjórnenda.
3. Skipuleggur, boðar og stýrir reglulegum fundum stjórnenda.
4. Sér um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs, fastanefnda og annarra nefnda bæjarstjórnar séu
vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst og tæk til
ákvörðunar.
5. Tryggir gott starfsumhverfi kjörinna fulltrúa og starfsfólks.
6. Situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt
nema bæjarstjóri sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn.
7. Hefur rétt til setu á fundum fastanefnda og annarra nefnda bæjarstjórnar.
8. Er prókúruhafi Kópavogsbæjar og er heimilt að veita öðru starfsfólki Kópavogsbæjar
prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.
9. Undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna Kópavogsbæjar, lántökur og ábyrgðir, svo
og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar
þarf til.
10. Undirbýr ársreikning Kópavogsbæjar.

VIÐAUKI II
Fundarsköp og ritun fundargerða.

1. gr.
Fundarsköp.

A. Fundarstjórn.

Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar í samræmi við sérstakar reglur sem bæjarstjórn setur um ræðutíma.

Forseti setur fund, kannar lögmæti hans, gætir þess að tillögur uppfylli skilyrði 4. mgr. 10. gr., stjórnar umræðum og ákvarðanatöku vegna einstakra mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti sér um að fundargerðir séu færðar, sbr. 2. mgr. 14. gr. samþykktar þessarar, og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hvaða ákvarðanir eru teknar um þær. Bæjarstjórn setur sérstakar reglur um ritun funda.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

Sé enginn forseta á fundi gegnir starfsaldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

B. Vald forseta.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsllum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta bæjarfulltrúann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúinn verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga tekin til ákvörðunar umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundum raskar fundarfriði getur forseti vísað viðkomandi úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf fyrir utanaðkomandi aðila til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.

C. Ákvarðanataka.

Mál skulu tekin fyrir í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði annað.

Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

D. Málfrelsi bæjarstjóra.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en bæjarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt nema kjörinn sé í bæjarstjórn.

E. Málfrelsi.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar.

Ef tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð er talað.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

F. Ávarp ræðumanns.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með nafni eða vísan í stjórnmalaflokk.

Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð skuli ræða.

Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

G. Hve oft má tala.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls, en ótakmarkað þegar til umræðu er fjárhagsáætlun og tillaga að aðalskipulagi.

Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta.

Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

H. Ræðutími.

Bæjarstjórn setur sérstakar reglur um ræðutíma.

I. Tillögur og ákvörðun.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.

Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til ákvörðunar í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

J. Réttur til bókunar.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir, allt að 200 orð, um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru eða leggja fram fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði bæjarstjórnar.

K. Atkvæðagreiðsla.

Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu á bæjarstjórnarfundum að jafnaði með handauppréttingu.

Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Þá biður forseti þá bæjarfulltrúa sem andvígir eru að rétta upp hönd sína og að því búnu biður forseti þá bæjarfulltrúa sem sitja hjá að rétta upp hönd sína. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að kosið verði um mál með nafnakalli og ber að verða við beiðni um slíkt. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að taka mál til meðferðar með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

L. Kosningar.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

2. gr.**Ritun fundargerða.**

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn.

Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni, framlögð skjöl, hvort mál er lagt fram til upplýsingar, umræðu eða ákvörðunar og niðurstöðu máls.

Sé bæjarstjórn ekki einróma um ákvörðun, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og númer funda.

Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um ritun fundargerða.

VIÐAUKI III
Fastanefndir, samstarfs- og samráðsnefndir.

1. gr.

Fastanefndir.

Bæjarstjórn skal skipa í fastanefndir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi bæjarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Bæjarráð*. Fimm bæjarfulltrúa sem aðalfulltrúa skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar þessarar. Þeir aðal- og varafulltrúar, sem næstir eru kjörnum fulltrúum á framboðslista verða varafulltrúar þeirra í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
2. *Menntaráð*. Sjö aðalfulltrúa og sjö til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samningi Kópavogsbæjar og menntamálaráðuneytis um skólahlald á framhaldsskólastigi í Kópavogi frá 14. maí 1982. Ráðið fer með málefni leikskóla skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 frá upphafi kjörtímabils nýrrar sveitarstjórnar 2026.
3. *Skipulags- og umhverfissráð*. Sjö aðalfulltrúa og sjö til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðið fer einnig með umferðarmál skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, mál skv. lögum um um landgræðslu nr. 155/2018, og 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
4. *Velferðar- og mannréttindaráð*. Sjö aðalfulltrúa og jafnmarga til vara. Ráðið fer með verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, verkefni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 auk verkefna samkvæmt 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og IV. kafla laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þá fer ráðið með mannréttinda-, lýðræðis- og jafnréttismál, skv. 2. mgr. 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála.
5. *Forsætisnefnd*. Skipuð forseta bæjarstjórnar og fyrsta og öðrum varaforseta. Bæjarstjórn kýs að auki þrjá varamenn. Bæjarritari er starfsmaður nefndarinnar.
6. *Innkaupanefnd*. Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara. Nefndin fer með innkaupamál skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016.
7. *Leikskólanefnd*. Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Verkefni leikskólanefndar skulu sameinuð verkefnum menntaráðs við upphaf kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar árið 2026.
8. *Lýðheilsu- og íþróttanefnd*. Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara. Nefndin fer með lýðheilsu-málefni í samræmi við heildræna nálgun samkvæmt skilgreiningum landlæknis um *heilsu-eflandi samfélag* svo og lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar. Jafnframt fer nefndin með stefnu-mörkun og framkvæmd íþróttamála sem veigamikils þáttar í forvörnum og lýðheilsu.
9. *Menningar- og mannlífisnefnd*. Fimm aðalfulltrúa og fimm til vara. Nefndin fer með fjöl-menningarmál og menningarmál. Hún fer jafnframt með stjórn bókasafna skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012.
10. *Kjörstjórnir*. Þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undir-kjörstjórnir, eftir ákvæðum kosningalaga nr. 112/2021.

2. gr.

Samstarfsnefndir.

Bæjarstjórn skal skipa í samstarfsnefndir til fjögurra ára:

1. *Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins*. Tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Brunabótafélag Íslands*. Einn aðalfulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
3. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt 5. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn fjóra aðalfulltrúa, og að auki einn aðalfulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000. Jafnmargir varafulltrúar eru kosnir.
4. *Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins*. Einn aðalfulltrúa og einn til vara.

5. *Stjórn SORPU bs.* Einn aðalfulltrúa og annan til vara skv. 4. gr. stofnsamnings.
6. *Stjórn SSH.* Einn varafultrúa bæjarstjóra skv. 4. gr. samþykkt um SSH.
7. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn varafultrúa bæjarstjóra skv. 4. gr. stofnsamnings.
8. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalfulltrúa og einn til vara skv. 5. gr. stofnsamnings frá 7. maí 2001.
9. *Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.* Tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
10. *Stjórn Tónsala.* Einn aðalfulltrúa og einn til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

3. gr.

Samráðsnefndir.

Bæjarstjórn skal skipa í samráðsnefndir til fjögurra ára:

1. *Ungmennaráð.* Tvo aðalfulltrúa og tvo til vara, skv. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.
2. *Öldungaráð.* Fjóra aðalfulltrúa og fjóra til vara, skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
3. *Notendaráð um málefni fatlaðs fólks.* Þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara, skv. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

4. gr.

Umdæmisráð.

Bæjarstjórn skal skipa umdæmisráð til fimm ára:

1. *Umdæmisráð barnaverndar.* Þrjá aðalfulltrúa og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 í samræmi við samkomulag um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum.

5. gr.

Aðrar nefndir og starfshópar.

Bæjarráð hefur heimild til skipunar nefnda sem vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndar er lokið. Bæjarráð getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

6. gr.

Brottfall skipunar.

Þrátt fyrir ákvæði um tímalengd skipunar skv. 1., 2., 3. og 5. gr. þessa viðauka þá fellur skipun niður í lok hvers kjörtímabils.

VIÐAUKI IV
Framsal til fullnaðarákvörðunar mála.

1. gr.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð framselur bæjarstjórn vald til ákvörðunar í tilteknum málum sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs.

Ákvæði þessa viðauka hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir bæjarstjóra og starfsmanna bæjarfélagsins til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu Kópavogsbæjar og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

2. gr.

Velferðarsvið.

A. Sviðsstjóri velferðarsviðs tekur án staðfestingar bæjarráðs ákvarðanir um allar umsóknir sem byggjast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beina til velferðarráðs og hefur velferðarráð þá heimild til fullnaðarákvörðunar. Heimilt er að skjóta ákvörðunum í ofangreindum málum til velferðarráðs og hefur velferðarráð þá heimild til fullnaðarákvörðunar. Ákvörðun sviðsstjóra verður ekki kærð til úrskurðarnefndar velferðarmála fyrr en ákvörðun velferðarráðs liggur fyrir.

Sviðsstjóri getur ávallt óskað eftir því að velferðarráð taki ákvörðun í máli samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og hefur velferðarráð þá heimild til fullnaðarákvörðunar. Varði ákvörðun fjárútlát utan fjárhagsáætlunar er skylt að málið fari fyrir bæjarráð.

Reglubundið skal lagt fyrir fund velferðarráðs yfirlit um mál sem sviðsstjóri hefur fullnaðar-afgreitt.

B. Starfsfólk barnaverndarþjónustu fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt viðauka V skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Barnaverndarþjónustan ber ábyrgð á öllum verk-efnum og ákvörðunum sem byggjast á barnaverndarlögum og ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, öðrum stjórnvöldum eða dómstólum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Velferðarráði er falin yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Umhverfissvið.

Skipulagsfulltrúi tekur án staðfestingar skipulagsráðs og án staðfestingar bæjarstjórnar, ákvörðun um eftirfarandi:

1. Að afgreiða auglýsta skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar, berist engar athugasemdir, skv. 1. mgr. 43. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda, skv. 42. gr. skipulagslaga, nema skipulagsráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillöguna.
2. Að afgreiða tillögu að deiliskipulagi ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar, skv. 5. málsl. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.
3. Að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Ef engar eða minniháttar athugasemdir berast á athugasemdatíma er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál til Skipulagsstofnunar án staðfestingar skipulagsráðs.
4. Að grenndarkynna byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum, skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Ef engar athugasemdir berast á athugasemdatíma er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án staðfestingar skipulagsráðs.
5. Að ákveða framlengingu á athugasemdafresti á þegar auglýstum eða grenndarkynntum tillögum.

6. Að heimila skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að vikið sé frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu ef um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfa.
7. Að afgreiða umsókn skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulega breytingu á deiliskipulagi. Ef engar athugasemdir berast á athugasemdatíma er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál til Skipulagsstofnunar án staðfestingar skipulagsráðs.
8. Að falla frá grenndarkynningu sé sýnt fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
9. Að samþykkja skiptingu á jörðum, löndum eða lóðum, breyta landamerkjum eða lóðarmörkum skv. 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem ný afmörkun samræmist gildandi skipulagsáætlunum.
10. Að samþykkja breytingar á lóðum, s.s. fjölgun bílastæða, niðurtöku gangstéttarkants eða annarra breytinga í götum, þar sem það er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
11. Að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga enda samræmist það gildandi skipulagsáætlunum.
12. Að grenndarkynna og óska umsagnar viðeigandi umsagnaraðila skv. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga, þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir, áður en skipulagsráð tekur afstöðu til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til skipulagsráðs sem tekur ákvörðun um heimild til endurupptöku. Telji skipulagsráð skilyrði endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 uppfyllt skal það vísa máli til nýrrar ákvörðunar skipulagsfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað erindum sem falla undir 1. mgr. til skipulagsráðs til ákvörðunar og fer skipulagsráð þá með fullnaðarákvörðunarvald. Felist í ákvörðun fjárútlát sem eru utan fjárhagsáætlunar er skylt að fara með málið fyrir bæjarráð.

Reglubundið skal lagt fram á fundi skipulagsráðs yfirlit um mál sem skipulagsfulltrúi hefur fullnaðaraðgreitt.

4. gr.

Menntasvið.

Sviðsstjóri menntasviðs tekur ákvarðanir, án staðfestingar menntaráðs, um eftirfarandi:

1. Tillögur um úthlutanir styrkja vegna tónlistarnáms utan sveitarfélagsins í samræmi við lög og reglur þar um.
2. Skóladagatal fyrir grunnskóla, þ. á m. skólabyrjunardag, vetrarfrí og skipulagsdaga.
3. Beiðnir um að leggja kannanir fyrir nemendur.
4. Umsóknir um námsstyrk/kennsluafslátt.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til menntaráðs sem tekur ákvörðun um heimild til endurupptöku. Telji menntaráð skilyrði endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 uppfyllt skal það vísa máli til nýrrar ákvörðunar sviðsstjóra.

Sviðsstjóri getur ávallt vísað erindum sem falla undir 1. mgr. til menntaráðs til ákvörðunar og fer menntaráð þá með fullnaðarákvörðunarvald. Felist í ákvörðun fjárútlát sem eru utan fjárhagsáætlunar er skylt að fara með málið fyrir bæjarráð.

Reglubundið skal lagt fram á fundi menntaráðs yfirlit um mál sem sviðsstjóri hefur fullnaðaraðgreitt.

5. gr.

Stjórnsýslusvið.

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs tekur ákvarðanir, án staðfestingar bæjarráðs, um eftirfarandi:

1. Umsagnir Kópavogsbæjar vegna umsókna um rekstrarleyfi, sbr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og A. kafla reglugerðar nr. 1277/2016.
2. Umsagnir Kópavogsbæjar vegna umsókna um tækifærisleyfi, sbr. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016.

3. Umsagnir Kópavogsbæjar vegna umsókna um starfsleyfi fyrir ökutækjaleigu, sbr. 3. gr. laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja og 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja.
4. Umsagnir Kópavogsbæjar vegna umsókna um áfengisleyfi til sölu áfengis á framleiðslustað, sbr. 6. gr. a. áfengislaga nr. 75/1998, sbr. breytingu nr. 35/2022 og 5. gr. reglugerðar nr. 800/2022.
5. Umsagnir Kópavogsbæjar vegna umsókna um lóðarafnot fyrir áramótabrennur og flugeldasýningar.
6. Umsóknir um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
Umsóknir lóðarhafa um undanþágu frá banni við veðsetningu.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til bæjarráðs sem tekur ákvörðun um heimild til endurupptöku. Telji bæjarráð skilyrði endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 uppfyllt skal það vísa máli til nýrrar ákvörðunar sviðsstjóra.

Sviðsstjóri getur ávallt vísað erindum sem falla undir 1. mgr. til bæjarráðs til ákvörðunar og fer bæjarráð þá með fullnaðarákvörðunarvald. Felist í ákvörðun fjárútlát sem eru utan fjárhagsáætlunar er skylt að fara með málið fyrir bæjarráð.

Bæjarráð skal upplýst reglulega um mál sem sviðsstjóri afgreiðir í umboði ráðsins.

6. gr.

Bæjarráð.

Bæjarráði skal heimilt að taka ákvarðanir án staðfestingar bæjarstjórnar um útboð innkaupa, töku tilboða og samningagerðar þegar um er að ræða vöru, þjónustu eða verk sem rúmast innan samþykkrar fjárhagsáætlunar.

Beiðni um endurupptöku í málum skv. þessari grein skal beint til bæjarstjórnar. Bæjarráð getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn taki ákvörðun í máli skv. þessari grein.

Bæjarstjórn skal upplýst reglulega um mál sem bæjarráð afgreiðir.

VIÐAUKI V
**Fullnaðarafgreiðsla mála hjá Barnaverndarþjónustu Kópavogs
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

I. KAFLI
Skilgreiningar og grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (barnaverndarlög). Þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Kópavogs er falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í viðauka þessum hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Kópavogs hefur skrifstofustjóri, lögfræðingur barnaverndarþjónustu eða sviðsstjóri velferðarsviðs heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Skrifstofustjóri er stjórnandi Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður lögfræðideildar sem vinnur að málum Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Sviðsstjóri er stjórnandi velferðarsviðs Kópavogs.

Meðferðarfundur er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af skrifstofustjóra eða lögfræðingi barnaverndarþjónustu.

Sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustu starfar á skrifstofu Barnaverndarþjónustu í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi Barnaverndarþjónustu, ráðgjafi Barnaverndarþjónustu eða sálfræðingur Barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður er starfsmaður Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Teymi sérhæfðra starfsmanna sem starfa hjá Barnaverndarþjónustu Kópavogs í könnunarteymi og meðferðarteymi.

Úthlutunarfundur er vikulegur fundur skrifstofustjóra og könnunarteymis þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna. Í fjarveru skrifstofustjóra getur lögfræðingur eða tiltekinn sérhæfður starfsmaður stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna.

Í forföllum eða fjarveru skrifstofustjóra leysir lögfræðingur, tiltekinn sérhæfður starfsmaður eða sviðsstjóri hann af.

4. gr.

Starfslið.

Skrifstofustjóri ræður starfslið Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Skrifstofustjóra er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Skrifstofustjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er skrifstofustjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.

Skrifstofustjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Kópavogi. Sömuleiðis getur skrifstofustjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Kópavogs þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna barns sem statt er í Kópavogi en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, í samráði við skrifstofustjóra, lögfræðing eða sviðsstjóra án undangenginnar málsmæðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Kópavogs, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur lögfræðingur barnaverndarþjónustu óskað lögreglu-rannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal sérhæfður starfsmaður taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til úthlutunarfundar til ákvarðanatöku eða hvort ekki sé ástæða til að hefja könnun.

Skrifstofustjóri ásamt sérhæfðum starfsmönnum tekur ákvörðun á úthlutunarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Skrifstofustjóri ásamt sérhæfðum starfsmönnum tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður, að höfðu samráði við skrifstofustjóra, heimild til að hefja könnun án þess að úthlutunarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar skrifstofustjóri málinu til sérhæfðs starfsmanns.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Mál sem heyra undir Barnaverndarþjónustu Kópavogs en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal skrifstofustjóri úthluta til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við skrifstofustjóra taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri taka ákvörðun á úthlutunarfundi um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr.

11. gr.

Lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn. Skrifstofustjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra, lögfræðings eða sviðsstjóra framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáraðila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs. Skrifstofustjóri skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. KAFLI

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirrita áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður, með samþykki skrifstofustjóra eða lögfræðings, tekur ákvörðun á meðferðarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum

barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 652/2004.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Sérhæfður starfsmaður eða skrifstofustjóri getur ákveðið, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri, að:

- a. Barnaverndarþjónusta Kópavogs taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í föstur,
- b. Barnaverndarþjónusta Kópavogs taki við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns sbr. a. og b. lið skal bókuð á meðferðarfundi.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í föstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í föstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og föstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða föstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða föstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/föstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um trygga umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af föstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Sérhæfður starfsmaður ásamt skrifstofustjóra tekur ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26.-29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Sérhæfður starfsmaður ásamt skrifstofustjóra taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

21. gr.

Fyrirsvor vegna dómsmála.

Skrifstofustjóri Barnaverndarþjónustu Kópavogs fer með fyrirsvor fyrir barnaverndarþjónustuna. Lögfræðingur barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og skrifstofustjóra, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða niðurfellingu máls skulu staðfestar af skrifstofustjóra eða sviðsstjóra í fjarveru skrifstofustjóra.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í föstur.

22. gr.

Föstur.

Sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í föstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar um greiðslur vegna barna í föstri, nr. 858/2013. Sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í föstursamningi, svo sem forsjárskyldur fösturforeldra, fösturtíma, greiðslur til fösturforeldra, umgengni í föstri, stuðning við barn og fösturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fösturheimili og val á fösturforeldrum.

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fösturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra velur fösturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 2. mgr. 67. gr. barnaverndarlaga og 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlauss foreldris áður en barni er ráðstafað í föstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Kópavogs getur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og skrifstofustjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. barnaverndarlaga eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. barnaverndarlaga tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

26. gr.

Föstursamningur.

Þegar föstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá föstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Ef breytingar verða á högum fösturforeldra á fösturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða föstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun föstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og skrifstofustjóri ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fösturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra með rökstuddri ákvörðun breytt föstursamningi eða fellt hann úr gildi. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fösturforeldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fösturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fösturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fösturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að föstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu föstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fösturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit föstursamnings.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta föstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fösturforeldra þar um getur Barnaverndarþjónusta Kópavogs með bókun meðferðarfundar breytt föstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

29. gr.

Framfærsluskyllda foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í föstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun.

30. gr.

Umgengni í föstri.

Við ráðstöfun barns í föstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki skrifstofustjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi getur farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði á um að dvalarstað barns skuli haldið leyndum, m.a. gagnvart foreldrum, skv. 7. mgr. 74. gr. barnaverndarlaga.

V. KAFLI

Málsmeðferð barnaverndarmála.

31. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

Aðstoð lögmanns.

Sviðsstjóri og skrifstofustjóri setja reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmanns-aðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

33. gr.

Endurupptaka mála.

Mál verður tekið til meðferðar á ný ef skilyrði 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eru uppfyllt. Beiðni um endurupptöku skal beint til sviðsstjóra velferðarsviðs. Telji sviðsstjórinn, að höfðu samráði við lögfræðing, að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal sérhæfðum starfsmanni falin afgreiðsla málsins. Telji sviðsstjóri skilyrði endurupptöku ekki fyrir hendi skal aðilanum tilkynnt um þá ákvörðun.

Við birtingu ákvörðunar barnaverndarþjónustu skal aðila kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og jafnframt eftir atvikum um heimild til að skjóta ákvörðun skv. 6. gr. laganna til úrskurðarnefndar velferðarmála innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun, sbr. IX. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

VI. KAFLI

Úrræði á ábyrgð sveitarfélagsins.

34. gr.

Sumardvöl fyrir börn.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Kópavogsbæjar, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

35. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

36. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Kópavogs skulu vera með tilskilin leyfi, sbr. lög nr. 88/2021. Starfsmenn skulu gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Sviðsstjóri getur falið öðrum starfseiningum velferðarsviðs að sinna vinnslu verkefna skv. kafla þessum eða annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI

Annað.

38. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Kópavogs um ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2015.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2024